

Starfsævilöng kennaramenntun

Greinargerð starfshóps á vegum fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara

1. Inngangur

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara ákvað á fundi sínum 9. júní 2015 að setja af stað vinnu til að móta tillögur um starfsævilanga kennaramenntun um nám og starfsþróun kennara frá grunnnámi til meistaraþrófs og út starfsævina. Þar væri fjallað um hvernig heildstæð starfsævilöng kennaramenntun gæti litið út, form, skipulag, tengsl einstakra þátta og inntak. Eftirfarandi yrði m.a. haft til hliðsjónar:

- Grunnmenntun og vægi starfsþjálfunar á vettvangi
- Nýliðaþjálfun
- Leiðsögn og handleiðsla í starfi
- Starfsþróun í starfi
- Ígrundun í starfi, rannsóknir á vettvangi alla starfsævina

Í starfshópnum eru fulltrúar úr fagráðinu ásamt starfsmanni: Aðalheiður Steingrímsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðmundur Engilbertsson, Jón Torfi Jónasson, Kristín Valsdóttir, Sólrún Harðardóttir, Svanhildur María Ólafsdóttir, Þórður Kristjánsson. Verkefni hópsins er liður í stefnumótunarvinnu fagráðsins um símenntun og starfsþróun kennara. Hópurinn lagði fram drög að greinargerð um starfsævilanga menntun kennara á fundi fagráðs 26. nóvember 2015 sem fékk góðar viðtökur. Þar var rætt um að greinargerðin væri grunnatriði í stefnumótun fagráðsins.

2. Starfsævilöng kennaramenntun

Í greinargerð starfshópsins eru notuð samheitin kennarar og skólar sem vísa til allra faghópa, kennara, ráðgjafa og skólastjórnenda í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum. Þetta er gert til að komast hjá endurteknum upptalningum.

Starfshópurinn gengur út frá því að í öllu faglegu starfi þurfi sífellða endurnýjun og á það ekki síst við kennarastarfið (og öll önnur fagstörf tengd því) vegna þess hve starfið er fjölbreytt og starfsumhverfið breytist hratt.

Oft gætir þeirra viðhorfa að menntun kennara merki einungis grunnmenntun kennara en ekki starfsævilöng menntun. Starfshópurinn telur nauðsynlegt að breyta þessum viðhorfum. Í upphafi er grunnmenntun, en menntun kennara heldur áfram þegar út í starfið er komið og felur í sér innleiðingu í kennarastarfið, leiðsögn, nám og fjölþætta starfsþróun alla starfsævina. Kennarar og skólar þróa starfshætti sína í samræmi við samfélags- og tæknibreytingar, nýjar hugmyndir og áherslur um menntun og skólastarf.

Starfshópurinn telur að skipuleggja þurfi menntun kennara sem heildstæða starfsævilanga menntun og skilgreina út frá því. Skipulagið byggir á samfelli milli háskóla sem mennta kennara, grunnmenntunar kennara og starfsvettvangs þar sem nám og starfsþróun er stöðugt ferli alla starfsævina. Heildstæð starfsævilöng menntun felur í sér mismunandi þætti, stig og leiðir á grundvelli sérhæfingar, áhugasviða og fjölbreytilegra viðfangsefna kennara og skóla. Heildstæð starfsævilöng menntun kennara felur í sér eftirfarandi meginþætti:

- Rannsóknartengda grunnmenntun verðandi kennara til meistaraþrófs
- Veigamikið nám og starfsþjálfun verðandi kennara á vettvangi
- Leiðsögn og handleiðslu við nýliða í starfi og við aðra kennara
- Fjölpætt nám og starfsþróun, ígrundun og starfendarannsóknir, og margvísleg starfsemi sem leggur grunn að öflugu lærdómssamfélagi alla starfsævina

Það er mikilvægur hluti starfs að viðhalda stöðugt þekkingu og uppfæra í samræmi við breytingar á starfsumhverfi og þróun skólastarfs. Forsenda heildstæðrar starfsævilangrar menntunar og undirstaða er fjölbreytt stoðkerfi fyrir slíkt skipulag sem felur í sér viðurkenningu á því að tryggja þurfi nauðsynleg skilyrði í starfi, aðstæður og tækifæri, til kvikrar og fjölpættrar starfsþróunar alla starfsævina. Starfshópurinn leggur áherslu á ábyrgð og samábyrgð kennara, skóla, KÍ, háskóla sem mennta kennara, sveitarfélaga og ríkis að þróa skólastarfið.

3. Undirstöður heildstæðrar starfsævilangrar kennaramenntunar

Heildstæð starfsævilöng menntun kennara hvílir á tveimur undirstöðum. Þær eru:

I. Nám og fjölpætt starfsþróun.

II. Stoðkerfi til að tryggja starfsþróun og fylgja starfsþróun eftir.

Í umfjöllun er gerð grein fyrir meginþáttum í undirstöðum heildstæðrar starfsævilangrar menntunar kennara.

Undirstaða I. Nám og fjölpætt starfsþróun

Í grunnnámi verðandi kennara er lagður grunnur að menntun og starfskenningu sem kennarar halda áfram að móta alla starfsævina. Skólastarf er fjölbreytilegt og síbreytilegt og kallar á stöðugt nám og fjölpætta starfsþróun alla starfsævina.

Í umfjöllun er námi og fjölpættri starfsþróun skipt í þrjú meginform.

1. Grunnmenntun til réttinda

Felur í sér rannsóknartengt nám til meistaraþrófs og veigamikið nám og starfsþjálfun kennaranema á vettvangi.

2. Framhaldsnám af ýmsu tagi

Hér er átt við skilgreint einingabært nám og námskeið af ýmsu tagi, svo sem nám vegna leiðsagnar kennara og skóla við kennaranema, kennara í starfi og þar á meðal við nýliða, nám til meistaraþrófs, skólastjórnunar o.fl.

3. Fjölþætt starfsþróun í starfi

Starfsþróun nær til allra þátta skólastarfsins, m.a. stjórnunar, kennslufræðilegrar forystu, kennsluhátta, faggreina og námssviða og allra hefðbundinna og nýrra viðfangsefna skólans.

Fjölþætt starfsemi liggur að baki ævilangri starfsþróun.

Í fylgiskjali I eru tilgreind frekari dæmi um inntak þessara meginforma.

Undirstaða II. Stoðkerfi fyrir starfsþróun

Forsenda heildstæðrar og starfsævilangrar menntunar kennara er viðurkenning á nauðsyn stoðkerfa við slíkt skipulag. Fjölbreytt stoðkerfi og fjármunir þurfa að vera fyrir hendi til að styðja við og tryggja starfsævilanga menntun. Skilgreina þarf stoðkerfi fyrir kennara, skóla og háskóla sem mennta kennara.

1. Stoðkerfi fyrir kennara

Felur m.a. í sér tíma og aðstæður til ígrundunar í starfi og starfendarannsóknna, nám og fjölþættar starfsþróun launuð námsorlof og rannsóknarleyfi.

2. Stoðkerfi fyrir skóla

Felur m.a. í sér vettvangsnám kennaranema og starfsþjálfun, leiðsögn við starfandi kennara og þar á meðal við nýliða, fjármuni til að greiða fyrir afleysingar svo kennarar geti sótt nám og starfsþróun á starfstíma og til að skipuleggja og bjóða upp á fjölþætta starfsþróun á vinnustað.

3. Stoðkerfi fyrir háskóla

Hlutverk háskóla í starfsþróun kennara og skóla á m.a. að vera að sinna ævilangri starfsþróun kennara, veita kennaramenntendum tíma og aðstæður til starfsþróunar og stuðla að því að vinnumatskerfi háskóla geri ráð fyrir þátttöku háskóla í starfsþróun kennara og skóla á vettvangi.

Í fylgiskjali II eru tilgreind frekari dæmi um þá þætti sem stoðkerfin þurfa að tryggja.

13. janúar 2016